

Nd.

### 3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild).

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

#### 1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stofnfé sjóðsins má nema allt að kr. 20 000 000.00, og skal þess aflað þannig:

- a. Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að kr. 7 500 000.00 að láni til 10 ára og endurlána sjóðnum með sömu kjörum og lánið er tekið. Þó er ríkisstjórninni heimilt að taka upp samninga hvenær sem er á námstímanum um aukaafborgun af láninu, enda sé jafnframt veitt fé til slíkrar aukaafborgunar á fjárlögum.
- b. Stjórn skuldaskilasjóðs heimilast að taka allt að kr. 12 500 000.00 að láni, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins:

#### Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild).

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna, á þá leið, að heimila ríkisstjórninni að taka allt að 7,5 milljón kr. lán til að endurlána skuldaskilasjóði útgerðarmanna, til að leysa inn sjóveðskröfur, sem hvíla á bátum þeirra útgerðarmanna, er um skuldaskil hafa sótt, en skuldaskilasjóðnum hafi reynzt ókleift að afla þessa fjár af eigin rammleik.

Með því að ég tel brýna nauðsyn bera til að heimila ríkisstjórninni að taka framangreint lán, til að endurlána skuldaskilasjóði í framangreindum tilgangi, þá set ég hér með samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, eftirfarandi bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna.

#### 1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stofnfé sjóðsins má nema allt að kr. 20 000 000.00 og skal þess aflað þannig:

- a. Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að kr. 7 500 000.00 að láni til 10 ára og endurlána sjóðnum með sömu kjörum og lánið er tekið. Þó er ríkisstjórninni heimilt að taka upp samninga hvenær sem er á lánstímanum, um aukaafborgun af láninu, enda sé jafnframt veitt fé til slíkrar aukaafborgunar á fjárlögum.
- b. Stjórn skuldaskilasjóðs heimilast að taka allt að kr. 12 500 000.00 að láni og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. júlí 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*